

Gabriel erkiengill

BÆKUR

Skáldsaga

NÁÐARGÁFA GABRIELS

eftir Hanif Kureishi (höfund Náinna kynna). Jón Karl Helgason þýddi. 202 bls. Bjartur 2003.

Foreldrar Gabriels Bunch eru af kynslóð blómabarna sem leit á menntun og fyrirhyggju sem leiðindi og smáborgarahátt. Ljúfa lífið í tónlistarbransanum heillaði og Rex, faðir Gabriels, lék á gítar með hinum fræga Lester Jones og móðirin saumaði búninga og samkvæmisklæðnað á hljómsveitina, umboðsmennina og aðdáendurna. En brátt hallaði undan fæti og Rex gerðist atvinnulaus pöbbaröltari í skítugum gallabuxum, vonlaus draumóramaður og mamman varð beisk og árásargjörn. Og svo fór með fleiri af þessari kynslóð frelsis og ástar: „Flestir voru hinsvegar á atvinnuleysisbótum, í meðferð, angandi af auðnuleysi eða að deyja úr vonbrigðum“ (20). Dag einn flytur pabbinn út af heimilinu og veröldin fer á annan endann. Það kemur í hlut Gabriels, 15 ára unglings, að koma vitinu fyrir foreldra sína og sameina fjölskylduna á ný. Þetta er efni nýrrar skáldsögu bresk-pakistanska rithöfundarins Hanifs Kureishi, Náðargáfu Gabriels.

Sagan gerist í norðurhluta London, fjölþjóðlegri borg sundurgerðar og stéttamunar. Í hverfi Gabriels eru glæsilegir veitingastaðir innan um dópgreni; þar búa morðingjar jafnt sem föllir uppar með þroskaðan kaffismekk; og sumir vegfarendur dragnast með innkaupakörfur í leit að rusli sem hugsanlega má koma í verð (14-15). Gabriel, erkiengillinn, axlar ábyrgðina á brottfluttum föður sínum og boðar honum fagnaðarerindið. Í skemmtilega hvunndagslegri atburðarás sögunnar raðast brotin saman, heimurinn verður nýr og betri og það er náðargáfu Gabriels að þakka. Titill sögunnar er reyndar tvíræðari á ensku en íslensku, *Gabriels gift* merkir gáfa Gabriels en einnig hæfileiki eða gjöf. Poppgoðið Lester gefur Gabriel mynd eftir sig og sú gjöf gegnir veigamiklu hlutverki í sögunni, ekki síst eftir að Gabriel tekst að líkja nákvæmlega eftir henni og spurningar vakna um muninn á raunverulegri list og eftirlíkingu, raunverulegum listamönnum og misheppnuðum. Náðargáfa Gabriels felst í fjörugu ímyndunarafla hans og sköpunargáfu og í bókarlok er ávæningur um að hann verði einn af hinum raunverulegu, skapandi listamönnum.

Persónur sögunnar eru fremur breyskt fólk og misheppnað, nema Gabriel sem er óvenju þroskaður unglundur. Rex er trúverðugur skipbrotsmaður að bíða eftir frægðinni sem aldrei kemur. Mamman er í kreppu miðaldra konu sem finnst hún hafa kastað lífi sínu á glæ og þráir að vinna upp glataðan tíma. Uppgjörið þeirra á milli, eftir langa og stormasama sambúð, kallast á við uppgjör hugsjóna hippakynslóðarinnar. Rex segir t.a.m. við son sinn: „Ég veit að ég veit mínu viti. Gallinn er sá að ég sólundaði því öllu í neikvæða orku. Ég vildi rífa allt í tætlur. Á sjöunda áratugnum vildu menn gefa skít í allt, ekki síst „venjulegt“ líf. Menn kölluðu það uppreisnargirni. En í rauninni var ég bara kaldhæðinn og ég vildi óska að raunin hefði verið önnur“ (160). Munurinn á þeim feðgum Rex og Gabriel er sá að sonurinn hefur þann hæfileika (eða náðargjöf) að láta drauma sína rætast en pabbinn hefur ekki dug til að finna hæfileikum sínum farveg. Í sögunni rekast gamlar hugsjónir og úrelt lífsmynstur foreldranna á hugmyndir og drifkraft nýrrar kynslóðar. Brostnar vonir birtast við hlið frægðar og velgengni, hippalífi er stillt upp andspænis smáborgalegu lífi – án snobbs eða sleggjudóma.

Frásagnarháttur sögunnar er fjarlægur og hlutlaus, sagan líður hægt áfram og atburðir hennar endurspegla daglegt líf úthverfanna. Gabriel er mikið í mun að raða brotum saman og hafa stjórn á umheiminum og draumur hans er að verða kvikmyndagerðarmaður: „Þetta voru einu töfrarnir sem Gabriel kærði sig um, sameiginlegur draumur sem fólst í því að breyta sögum í myndir. Brátt myndu myndirnar safnast saman á filmunni; innan tíðar gætu aðrir séð það sem hann hafði haft í kollinum undanfarna mánuði og hann yrði ekki lengur einn á báti“ (202). Náðargáfa Gabriels er bjartsýn saga í svartnætti sínu, tilfinningasöm í hrásлага borgarlífsins. Hún er reyndar afslappaðri og trúverðugri á frummálinu, þýðing Jóns Karls Helgasonar er svolítið sérvískuleg á köflum. En ekki missa af Kurseishi á bókmenntahátíðinni, þar gefst einstakt tækifæri til að sjá hann og fleiri höfundu á heimsmælikvarða í eigin persónu.